



Anna Guðrún Edvardsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands:

*„The interaction of the knowledge society and rural development in Iceland and Scotland“ á íslensku  
„Samspil þekkingarsamfélagsins og byggðaðróunar á Íslandi og í Skotlandi“.*

Athöfnin fer fram föstudaginn 9. desember nk. kl. 13:00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. dr. Philomena De Lima forstöðumaður UHI Centre for Remote and Rural Studies í Skotlandi, og dr. Kristinn Hermannson lektor við Háskólann í Glasgow

Aðalleiðbeinandi var dr. Allyson Macdonald prófessor, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, meðleiðbeinandi meðleiðbeinandi dr. Frank Rennie prófessor, við háskólann Highlands and Islands í Skotlandi, auk þess sat í doktorsnefndinni dr. Karl Benediktsson prófessor við Háskóla Íslands.

Dr. Ólafur Páll Jónsson, prófessor og deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar við Menntavísindasvið, stjórnar athöfninni.

Föstudaginn 9. desember nk. kl. 13:00 fer fram doktorsvörn frá Uppeldis- og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið, Háskóla Íslands. Þá ver Anna Guðrún Edvardsdóttir ritgerð sína *The interaction of the knowledge society and rural development in Iceland and Scotland*“ á íslensku „Samspil þekkingarsamfélagsins og byggðaðróunar á Íslandi og í Skotlandi“.

## Um verkefnið

Á tíunda áratug 20. aldar beindust augu stjórnvalda á Íslandi og Skotlandi að uppbyggingu þekkingarsamfélagsins. Í öllum landshlutum á Íslandi eru háskólasetur og/eða rannsóknarstofnanir sem ýmist starfa sjálfstætt eða sem hluti af stærri stofnunum. Svipuð þróun átti sér stað í Skotlandi með stofnun háskóla sem þjónað gæti Hálöndum og eyjum Skotlands.

Í þessari rannsókn er samspil þekkingarsamfélagsins og byggðapróunar á Vestfjörðum, Austurlandi og á Vestureyjum Skotlands kannað. Í því augnamiði verða athuguð áhrif ákveðinna sögulegra atburða á dreifðar byggðir; hin pólitíska orðræða um atburðina verður greind; og skoðað verður hvort og þá hvernig háskólamenntun og rannsóknarstarfsemi hvetur fólk til að hafa áhrif á samfélagið sitt.

Hin fræðilega nálgun byggir á kenningum um seiglu (e. *resilience*) með áherslu á þekkingarsamfélagið og byggðapróun sem félags- og vistfræðileg (e. *social-ecological*) kerfi þar sem þekkingarfræðilegur fjölbreytileiki (e. *epistemological pluralism*) og nám sem felur í sér þrjá ferla (e. *triple-loop learning*) eru hluti af kerfinu. Einnig er byggt á kenningum um vist-femínisma (eco-feminism) og grennarnám (e. *place-based pedagogy*) í byggðapróun og mótun samfélaga.

Gagnasöfnun fór fram með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi voru ákveðnir sögulegir atburðir skoðaðir með aðferð sögulegra rannsókna. Í öðru lagi var sögulegri orðræðugreiningu beitt við greiningu opinberra stefnumótunargagna. Í þriðja lagi voru viðtöl tekin við fólk sem bjó á þessum svæðum og störfuðu að byggðamálum, innan þekkingarsamfélagsins og eða höfðu aflað sér háskólamenntunar í fjarnámi.

Helstu niðurstöður eru þær að mikla áherslu á efnahagsmál er að finna í verkefnum sem beinast að byggðapróun. Hins vegar er einnig að finna umhverfis- og félagslegar áherslur en vegna efnahagslegrar slagsíðu, verða umhverfis- og félagslegir þættir lítið áberandi og léttvægir og þáttur menningar er vart að finna. Þó er þessi mikli slagþungi á efnahagsmál ekki bundin rannsóknarsvæðunum heldur endurspeglar hann hið alþjóðlega samhengi og stefnumörkun á landsvísu og myndar grunn fyrir áherslur í byggðapróun á hverjum tíma. Stefna núverandi stjórnvalda er að skapa sjálfbær samfélög sem sýnt geta seiglu en til þess verða allar framangreindar áherslur að vera innbyggðar í byggðapróunarverkefnum.

Í framhaldinu eru helstu niðurstöður þær að þrátt fyrir að í stefnumörkun stjórnvalda í byggðamálum sé að finna yfirlýsingu um að þróa eigi sjálfbær samfélög sem sýnt geta seiglu, og í orðræðu íbúa á Vestfjörðum og Austurlandi um slíkt, þá er það staðreynd að efnahagslegir þættir eru fyrirferðamestir. Ástæðan er sú að í orðræðunni er að finna þá skoðun að aðrir þættir munu fylgja í kjölfarið sé efnahagur byggðanna sterkur. Á Vestureyjum í Skotlandi er sú stefna í byggðamálum um að skapa sjálfbær samfélög sem sýna seiglu studd með markmiðum og aðgerðum í byggðaaætlanum, þar sem jafnvægi er á milli efnahags-, umhverfis-, félags- og menningarlegra þátta. Þá er til að taka að þrátt fyrir aukna áherslu á svæðisbundnar byggðaaætlanir á Íslandi eru bein afskipti stjórnvalda af byggðamálum enn við lýði. Einnig er misræmi á milli væntinga og trúar íbúa á að aðgerðir í byggðamálum sem samþykktar hafa verið af stjórnvöldum muni hafa þær afleiðingar í för með sér að fólki fjölgi og störfum fyrir háskólamenntaða einnig. Hins vegar eru bæði íbúar og stjórnvöld sammála um að náttúra, menning og saga sé styrkleiki og sérstaða hinna dreifðu byggða sem beri að nýta.

Í lokin eru niðurstöður viðtalanna kynntar. Þar var áherslan lögð á að skoða háskólamenntaðar konur sem gerendur (e. *place-makers*) í sínu samfélagi. Þegar grannt er skoðað kemur í ljós að það nám sem konur velja virðist tengjast einkalífi þeirra og enn fremur þörfum samfélagsins, þ.e. störf þar sem skortur er á fagfólki. Karlar eru einnig gerendur í sínu samfélagi en með öðrum hætti. Þeir útvíkka athafnarými sitt með því að velja sér nám sem bæði tengist einka- og hinu opinbera lífi. Bæði kynin gera sér grein fyrir því að þau búa í karllægum samfélögum þar sem karllægum gildum er gert hærra undir höfði en kvenlægum. Slíkt gerir körlum kleift að vera virkari gerendur en konum.

Samspil þekkingarsamfélagsins og byggðapróunar er aðalrannsóknarspurning ritgerðarinnar. Í stuttu máli er svarið við henni að stefnumótandi orðræða stjórnvalda og íbúa um samspil þekkingarsamfélagsins og byggðapróunar snýst um efnahagslega þætti, svo sem atvinnuþróun, fólksfjölgun og að rannsóknir sem gerðar eru í dreifðum byggðum styðji við aðalatvinnuveg þeirra og stuðli þannig að efnahagslegum vexti. Hins vegar sýnir rannsóknin að samspil þekkingarsamfélagsins er einnig við félagslega og menningarlega þætti og endurspeglar því samfélagið og umhverfið. Því er þekkingarsamfélagið mikilvægur þátttakandi í að skapa sjálfbær samfélög sem sýnt geta seiglu, en það er stefna stjórnvalda bæði á Íslandi og í Skotlandi.

Að lokum eru sett fram þrjú viðmið sem gætu aukið seiglu samfélaga og stuðlað að því að þau verði sjálfbær. Þar er þekkingarsamfélagið í lykilhlutverki. Fyrsta viðmiðið er að skapa samstarf á breiðum grunni meðal hagsmunaaðila við gerð samfélagsáætlana. Annað viðmiðið er að stofna samfélagssjóð sem heldur utan um náttúruauðlindir hvers samfélags. Þriðja viðmiðið er að skapa svæðisbundið samstarf og/eða á landsvísu á milli háskóla, rannsóknastofnana og þekkingarsetra.

## About the project

In all Iceland's regional areas there is a university centre and/or research institutes, operating as independent institutes or as a part of bigger institutes based in the Reykjavík area. Similar development has taken place in rural areas of Scotland with the establishment of the University of the Highlands and Islands. This research examines the interaction of the knowledge society and rural development in three regions: The Westfjords of Iceland, East Iceland, and the Western Isles of Scotland. The aims are to investigate the effect of selected historical events on rural communities; to analyse the policy discourse on these events; and to examine whether and how higher education and research activities encourage people to become active place-makers in their communities.

The theoretical approach draws on resilience focusing on the knowledge society and rural development as a social-ecological system and incorporating epistemological pluralism and triple-loop learning. It also draws on theories of eco-feminism and place-based pedagogy in rural development and the formation of communities.

Data was collected in three ways. Historical research was used in describing the development of the knowledge society and rural development over time. Historical discourse analysis was used when analysing governmental policy documents about rural development and development of the knowledge society in the three research areas. Interviews were taken with people who were living in these areas, and who were working within the field of rural development, the knowledge society and/or had finished a higher education degree through distance learning methods.

The main findings are that strong economic emphasis is built into projects that are launched in the name of rural development. However, an environmental and social emphasis can also be found, but because of the strong emphasis on the economic factor, environmental and social factors are less visible or important and cultural factors are rarely mentioned. This emphasis on the economy is not peculiar to the region but reflects both the global context and national strategy and forms the basis for rural development at any given time. In order to reach the current governmental goals of creating sustainable and resilient communities, all four sustainability factors must be built into projects.

An important finding in the discourse analysis is that despite statements about creating resilient and sustainable communities found in the policies and the inhabitants' discourse in the Westfjords and East Iceland, it is confirmed that the economic factor is the most influential in these two areas because of the belief that the other aspects will follow if the economy is strong. In the Western Isles the rural policy about creating resilient and sustainable communities is backed up in the goals and actions in the policy documents keeping a balance across economic, environmental, social and cultural factors. Despite regional place-based development plans being now an important focus in discussions on rural development, state-led interventions are apparent; and governmental policy about activities that are agreed upon in the name of rural development and the development

of the knowledge society, do not match with the participants' aspirations or beliefs that the activities will have the desired result of increasing the population and jobs for a more highly educated workforce. Both the governmental policy and the inhabitants support the idea that the speciality and strength of the rural areas are nature, culture and history.

From the interviews the main finding is women choose study areas mostly related to their private life. When looking under the surface however it is clear that the area they choose to study fits the needs of the community; that members of that profession are needed. Men, however, are place-makers but in another sense in that they expand their action space by choosing studies both in the field of the private and the public sphere of life. Men and women realise and agree that their communities are male dominated and favour male values, which allows men to be more active place-makers than women.

The main question in this thesis is about how the knowledge society interacts with rural development. The answer, in short, is that the discourse of governmental policy and of inhabitants about the knowledge society's interaction with rural development revolves around economic factors, such as job creation, population increase and research activities that are conducted under the influence of the Triple Helix model, emphasising research in the field of the main industry in the areas in order to increase economic growth. However, this study shows that the knowledge society does interact with social and cultural factors, reflecting in part the Quadruple helix (society) and the Quintuple helix (environment) models. Therefore, the knowledge society is an important player in creating sustainable activities and resilient communities, which are the governmental goals in Iceland and Scotland.

The thesis suggests three criteria that could guide communities in becoming sustainable and resilient and where the knowledge society is a key player with a leading role. The first criterion is to form a broad partnership among stakeholders when working on place-based plans at community level, second, to establish a trust fund when dealing with the use of natural resources in the community and third, to form regional and national partnerships with universities, research institutions and knowledge centres.

### **Um doktorskandídatinn**

Anna Guðrún Edvardsdóttir er fædd 1960. Hún starfar nú sem kennari við Mími Símenntun en hefur starfað sem kennari á grunn- og framhaldsskólastigi og var skólastjóri við Grunnskóla Bolungarvíkur um árabíl. Einnig hefur hún starfað sem deildarstjóri á Náttúrustofu Vestfjarða, verkefnastjóri og kennari hjá Háskólasetri Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Anna Guðrún hefur tekið þátt í sveitastjórnarmálum sem bæjarfulltrúi í Bolungarvík, gegnt formennsku í bæjarráði og verið forseti bæjarstjórnar, og formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Hún sat í stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og var um tíma formaður þess félags. Auk þess var hún formaður stjórnar Markaðsstofu Vestfjarða. Þá hefur hún starfað við rannsóknir á sviði menntunar, kynjafræða og byggðamála. Anna Guðrún lauk B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands og meistaraþrófi í stjórnun menntastofnana frá sama skóla. Anna Guðrún er gift Kristjáni Arnarsyni, og eiga þau tvo syni, Þorbjörn og Óskar og tengdadóttur, Sigrúnu Maríu Einarsdóttur